

Skýrsla starfsársins 2009 til 2010, Rotarýklúbur Hafnarfjarðar

Kæru Rotarýfélagar

Það hefur verið ánægjulegt að fá tækifæri til að sinna störfum sem forseti klúbbsins okkar undanfarið ár.

Rotarý er hreyfing fólks úr viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu. Rotarýhreyfingin er alþjóðlegur félagsskapur sem starfar í meira en 200 löndum í öllum heimsálfum. Félagar eru um 1,2 milljónir í um 32 þúsund klúbbum.

Rotarýhreyfingin stendur fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðlar að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetur til góðvildar og friðar í heiminum. Kjörorð hreyfingarinnar er:

„Þjónusta ofar eigin hag“ (Service Above Self).

Klúbburinn okkar var stofnaður 9. Október 1946 og verður hann því annað haust 65 ára (2011).

Fyrir allmörgum árum þá tók ég að mér að vera veislustjóri eða ræðumaður á árshátíð klúbbsins okkar. Það rifjast oft upp fyrir mér að sem viðleitni til að vera skemmtilegur hafði ég eftir Bernard Shaw, sem sagði einhvertímann:

„I know where Rotary's going, it's going to lunch“

Þessi saga rifjast oft upp fyrir mér, og þá sérstaklega í samhenginu að Rotarýhreyfingin vinnur að ýmsum fleiri málum, þó auðvitað er mikilvægt að starfið sé skemmtilegt og fræðandi og það að verja hádegi einu sinni í viku til að hittast þá þarf skemmtun og fræðslu, auk góðs málefni að fara saman. Það er líka okkar ábyrgð að leitast við að sjá til þess að samfélagið sem við störfum í viti að það er fleira sem við gerum, en þar getum við nefnt starf Rotarý Foundation eða það sem stendur okkur nær s.s. verkefni sem okkar klúbbur stendur að í S-Afríku í Kimberley, nú eða vonandi verkefnið okkar í upplandinu sem ég mun koma að hér á eftir.

Klúbbstarfið byggir á því að stjórnin sé samhent og að nefndirnar sem skipaðar eru í upphafi starfsárs séu virkar í að finna fyrirlesara og standa að þeim verkefnum sem þeim eru falin. Ég tel að það hafi tekist bærillega til, ég lagði áherslu á það í upphafi að það sé mikilvægt að fundirnir séu skemmtilegir og fræðandi. Við höfum leitast við að svo sé. Mér finnst jafnframt 3ja mínútna erindin hafa tekist mjög vel og það er alltaf jafn áhugavert að heyra um hugðarefni félaga. Ég vil þakka formönnum nefndanna og samstarfsmönnum þeirra fyrir þeirra starf, starfinu er á margan hátt misskipt hvað varðar umfang nefndarstarfsins.

Það eru nokkur mál sem mig langar til að nefna nú í lok starfsárs þessarar stjórnar.

Síðastliðið haust var haldið klúbbþing en á dagskrá voru tvö megin mál, samfélagsverkefni sem tengjast upplandinu og breytingar á sérlögum klúbbsins. Þessum málum var fylgt eftir af hálfu stjórnar.

Á stjórnarfundum þann 23. September var skipaður hópur til að undirbúa verkefni í upplandi Hafnarfjarðar en í hópinn voru skipaðir Þráinn Hauksson, Sigurður Einarsson, Björn Pétursson og Jón Bergsson. Unnið hefur verið að því að koma upp merkingum í upplandi Hafnarfjarðar. Það hefur reynt taka heldur lengri tíma en við ætluðum en við stefnum á að setja upp skiltið næsta miðvikudag. Nefndin sem skipuð var til að undirbúa málið undir forystu Þráins Haukssonar hefur svo gott sem lokið störfum að sinni, en ég vona svo sannarlega að klúbburinn nái að halda áfram með þetta starf.

Smíðað hefur verið skilti sem er samkvæmt teikningu frá Sigurði Einarssyni og Batteríinu, en kortið hefur Landslag, arkitektastofa Þráins Haukssonar unnið að. Um er að ræða verulega teiknivinnu sem Þráinn hefur ákveðið að taka ekkert fyrir og vill leggja fram af tilefni 25 ára afmælis í faginu. Þráinn hefur unnið að ýmsum verkefnum í upplandi Hafnarfjarðar, það er því mikið lán að hafa fengið hann til að vinna að þessu verkefni. Við munum gefa kortið til bæjarfélagsins og vonandi verður áhugi á að setja upp slík kort víðar auk þess sem mikilvægt er að merkja leiðirnar og auka fölbreytni /möguleika sem upplandið gefur til útivistar, s.s. göngu, náttúruskoðunar, trjáskoðunar, rósaskoðunar, nú eða njóta kyrrðarinnar í upplandinu til að hlaða batteríin. Það er nú þannig að það er oft leitað langt yfir skammt í þeim efnum. Möguleikarnir eru óþrjótandi. Vonandi getur klúbburinn okkar og önnur félagasamtök eða bæjarfélagið komið að slíkri vinnu, með merkingum inni í bænum, í íþróttamiðstöðvum, í miðbænum og víðar.

Hitt megin málið sem fjallað var um á klúbbþinginu var endurskoðun á sérlögum klúbbsins. Við lögðum upp í þá vegferð á klúbbþingi síðastliðið haust og var tekin ákvörðun í kjölfar klúbbþingsins um að leitast við að ljúka endurskoðun sérlaga klúbbsins í ljósi Grundvallarlaga. Rótarýfræðslunefnd vann að málinu og þá alveg sérstaklega Kristján Stefánsson formaður nefndarinnar og Bjarni Þórðarson. Þeir luku sinni vinnu og var það ákvörðun stjórnar að leitast við að vinna verkið með þeim hætti að ekki færi mikill tími í það og að leitast við að koma í veg fyrir mikla umræðu sem hugsanlega skilaði ekki miklu fyrir klúbbinn (sem á að vera skemmtilegur og fróðlegur). Það er sárasjaldan sem við þurfum að grípa til sérlaganna, því má segja að grunnurinn sé góður. Við kynntum breytingarnar og svo afgreiddum við þær á fundi þremur vikum seinna, það má segja að heldur mikill hraði hafi verið við afgreiðsluna, en á móti þá höfðum við lagt áherslu á að kynna ferlið og kynna breytingarnar þannig að góður tími gæfist til að fjalla um málið. Vonandi duga þessi sérlög um ókomin ár.

Skipuð var vefsíðunefnd fyrir klúbbinn en í henni sitja Hallfríður Helgadóttir, Axel Gunnlaugsson, Kristján Stefánsson .

Það var mjög ánægjulegt að taka á móti GSE hópnum og vera með þeim að stórumhluta í nokkra daga. Aftur vil ég þakka þeim fjölskyldum sem tóku þátt í starfinu með hópnum. Ég tel að það hafi tekist vel til.

Fyrir utan hefðbundin störf nefnda þá vil ég nota þetta tækifæri til að þakka skemmtiefnd fyrir hennar starf, það er vinna og fyrirhöfn að sjá um að halda árshátíð, jólafund, þorrablót á um fjögurra mánaðar tíma. Sömuleiðis ferðanefnd fyrir ferð um Borgarfjörð.

Það er nú þannig að okkur þykir íhaldssemi eða á ég að segja hefðir og fastheldni eitthvað sem er mikilvægt í starfi svona klúbbs, þó auðvitað verði að koma í veg fyrir að klúbburinn verði forneskjulegur og þar með óaðlagandi. Ég vil þakka Alberti Kristinssyni fyrirábendingar og ljúfmennsku þegar ég leitaði til hans. Ég vil líka nefna Guðna Gíslason, sem ég hef leitað til oftar einu sinni og ávallt fengið lausn minna mála.

Mæting í klúbbinn hefur verið tiltölulega jöfn allt tímabilið, þó heldur hnignað í mars, apríl og maí, en er að meðaltali um 67% fyrir 11 mánuði, en til samanburðar var mætingin á meðan ég var ritari og Gunnhildir forseti meðaltalið yfir 12 mánuði 67,6%. Ég er nú að nefna þessar tölur vegna þess að stjórnin hefur velt fyrir sér hversu mikil áhrif hugsanlegar breytingar á efnahag síðan 2008 hafa haft á þátttöku í starfi klúbbsins. Það verður að hafi í huga í þessu sambandi mismunandi reglur varðandi útreikning á mætingu félaga.

Samið var við nýjan aðila varðandi veitingar á fundum klúbbsins, Matarlyst Veitingar ehf hefur fært okkur mat undanfarin ár, en nýr aðili tekur við frá og með næstu mánaðarmótum. Þökkum við Ásbirni Pálssynir sérstaklega fyrir.

Teknir hafa verið inn tveir nýir félagar Erlendur Guðmundsson, Sigurður Páll Hauksson sem flutti sig á milli klúbba en hann var meðlimur í Rótarýklúbbi Sauðárkróks.

Að síðustu vil ég þaka ykkur ágætu félagsmenn fyrir gott samstarf á þessu ári. Eins og áður sagði hef ég haft ánægju af starfinu og vona að klúbbum lánist að eiga öflugt starf á komandi árum.

Þakka ykkur fyrir.

Nú gerir gjaldkeri grein fyrir reikningum auk þess sem uppgjör liggur fyrir fyrir framkvæmdasjóðinn þar sem formaður er Skúli Valtýsson.